

HINN YFIRVOFANDI HÁSKI

— Mjög eftirtektarverð þykir mér fréttin um hin nýju barnaveikindi, sem komin eru upp í nokkrum stórborgum, og svo mikil brögð eru að í Berlín — að því er Morgunblaðið segir — að loka hefir orðið nálega helmingi allra barnaskóla þar. Þetta kemur alveg heim við mínar ágiskanir. Nýir sýklar eru að koma fram, og í undirbúningi er drepsótt sem ægilegri mundi verða en svartidauði. Ég skrifa mundi en ekki mun, af því að þessu verður afstýrt. Stefnubreytingin sem leiðir til sigurs fyrir lífið, mun hefjast nógum snemma til þess. Og þykir þó sumum sem hún dragist of lengi. Þegar prestarnir verða farnir að tala um það í ræðum sínum, að búst-aðir framliðinna séu á öðrum stjörnum, þá er óhætt að líta svo á sem mesti háskinn sé hjá liðinn. Og væri ekki gaman, að íslenskir prestar yrðu í þessu efni fyrstir, — þó að þær rannsóknir, sem hér verður að styðjast við, séu að verulegu leyti íslenskar?

22. apríl '25.